

Efni: Verðfyrirspurn vegna snjallýsingar meðfram Eyrarbakkavegi

01.10.2021

Sveitarfélagið Árborg óskar hér með eftir verði í efni og forritun fyrir snjallstýringu á stígalýsingu við Eyrarbakkaveg sunnan Selfoss.

Yfirlit um stígalýsinguna

Verkið felur í sér snjallstýringu á 80 ljósastaura, sem settir verða upp við göngustíg meðfram Eyrarbakkavegi næst Selfossi.

Lýsinginn er fædd með 24 tíma rafmagni frá 3 götuljósaskápum.

Allir lampar verða búnir Zhaga tengi og með 5 víra straumkapli, þar sem 2 vírar eru notaðir fyrir Dali – BUS merki.

LED straumgjafar í lömpum styðja D4i staðalinn.

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til snjallstýringa á stígalýsingunni:

Eltílysing (skynjari í hverjum staur): 1. Þegar engin umferð er um stíginn þá er lýsingin á 20% styrk. 2. Þegar komið er inn á stíginn þá kviknar lýsingin í 100% næstu 2 staura fram og fylgir svo hreyfingunni eftir með að lýsa 2 staura fyrir framan og 2 fyrir aftan. 3. Kerfið skal vinna sjálfstætt á staðnum, þ.e. ekki skal vera þörf á utanaðkomandi tengingum við kerfið til þess að virkni þess sé eins og til er ætlast. Mögulegt skal vera að forrita og uppfæra kerfið með fjartengingu. 4. Kerfið skal vera tengjanlegt við miðlægt stjórn- og eftirlitskerfi með TALQ_V2 staðlinum.

4 tilboð bárust og er samanburður tilboða hér að neðan

Rafkaup	ógilt þar sem ekki var gefið verð í rekstur kerfis til 10 ára og TALQ V3 staðal
S.Guðjónsson	7.96.224 m.kr – uppfyllti allar kröfur
Vista	6.031.300 m.kr – uppfyllti ekki kröfur um TALQ V3 staðal
Efla	4.966.454 m.kr – uppfyllti allar kröfur

Lagt til að samið verði við Eflu um kaup á búnaði.